



UNRAVERÖLDIN ÍSAFJÖRÐUR

Kveðja frá forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni

Ísafjörður er í hugum þeirra sem eiga þar rætur undraveröld sveipuð ljóma ævintýra og merkrar sögu; byggð í faðmi fjalla, við lognkyrran poll; úfið haf þó skammt undan. Sumrin minntu stundum á suðrænar slóðir en veturnir gátu verið harðir; bæjarbúar biðu sólar vikum saman, glímdu við fannfergi og háa skafla.

Bærinn var kjörinn völlum fyrir leiki og ærsl æskufólksins sem skynjaði fljótt í tali hinna eldri að það voru einstök forréttindi að vera Ísfirðingur. Goðsagan var samofin umræðu dagsins; tilvísanir í atburði fyrri tíðar renndu stoðum undir vissuna um sérstöðu Ísafjarðar.

Þetta var bær Skúla Thoroddsen og Hannesar Hafstein, kjördæmi Jóns Sigurðssonar, vettvangur Vilmundar og Hannibals, Kjartans læknis og Guðmundar Hagalín.

Vissulega voru þessir karlar frægir, fjallað um þá í skólabókum og dagblöðunum en samt var vissan um dýrðarljóma Ísafjarðar, hinn sérstaka sess, nærtækari í hugum æskufólksins. Skíðahetjurnar, kapparnir sem keppt höfðu á Ólympíuleikum, gengu líkt og aðrir daglega um Hafnarstrætið og Túngötuna, Hlíðarveginn og Aðalstrætið, voru í brekkunum á sólbjörtum vetrardögum, settu svip á skíðaviku, tóku forystu í þjálfun og íþróttalífi.

Einhvern veginn fannst æskufólkinu sjálfsagt að Ísfirðingar kepptu á Ólympíuleikum, væru á vettvangi þegar stórþjóðirnar kæmu saman. Ísafjörður væri nefnilega ekki bara bær, pláss eins og hinir kaupstaðirnir, heldur sjálfstætt ríki sem keppti í eigin nafni á heimsleikum vetraríþróttanna.

Löngu síðar rann það upp fyrir okkur að það var nánast fjarstæðukennt að svo fámenn byggð á veraldarvísu, samfélag á

vestfirskum slóðum, skyldi hvað eftir annað hafa bolmagn til að senda liðsmenn á slíka leika, frábært íþróttafólk sem var meðal hinna fremstu í veröldinni.

Þótt við skiljum nú hve einstakt afrek það var að Ísafjörður skyldi eignast svo marga Ólympíufara þá eimir samt svo eftir af innrætingunni frá æskuárum, boðskapnum um undrabbyggðina Ísafjörð, að einhvern veginn finnst okkur þetta bara vera sjálfsagt.

Þá er rétt að hafa í huga að þegar ferðir ísfirsku íþróttamannanna á Ólympíuleika hófust fyrir röskri hálfri öld var þjóðin æði vanþróuð, bæjarlífið einkum bundið sjósókn og fiskverkun, aðbúnaður ólíkur því sem við þekkjum nú, sérstakir styrkir handa íþróttafólki framandi hugmynd, stólalyftur bara til í útlöndum.

Ísland var um þær mundir meðal fátækustu landa í Evrópu og því þurfti ríkan keppnisvilja til að sækja frá vestfirskri sjávarbyggð á heimsleika hinna bestu. Slíkt íþróttafólk var ekki aðeins sómi síns heimabæjar heldur líka öllu æskufólki dýrmæt fyrirmynd.

Nú hefur saga þessara ævintýra verið skráð á bók. Við getum því rifjað upp gömul kynni og um leið sótt hvatningu í frásagnirnar, vegvísa um hvernig ungmenni í vestfirskri byggð geta látið drauma sína rætast.

Ísafjörður verður ætíð í hugum okkar sem eigum þar rætur sveipaður sigurljóma og Ólympíufararnir hetjur sem gerðu þá sýn að veruleika.

(undirskrift)